



Alþýðusamband Íslands

Fátækt

7. mars 2012

Miðstjórn ASÍ lýsir áhyggjum sínum yfir vaxandi fátækt á Íslandi. Það er skylda okkar að taka með afgerandi hætti á vanda þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Í umræðu um skuldamál heimilanna hefur gleymst að á Íslandi er ört stækkandi hópur fólks sem býr við fátækt. Í hópi öryrkja, meðal eldri borgara og þeirra sem hafa verið lengi atvinnulausir eru margir svo illa staddir fjárhagslega að þeir hafa vart ofan í sig né á, hvað þá að þeir geti leyft sér hluti sem gerir þeim kleift að vera virkir þátttakendur í okkar samfélagi. Margar efnalitlar fjölskyldur búa í leiguhúsnæði þar sem húsaleiga hefur hækkað gríðarlega á meðan húsaleigubætur hafa staðið í stað síðan í maí 2008.

Rannsóknir sýna að fátækt meðal einstæðra foreldra er einnig mikil og fer vaxandi. Í þessum stóra hópi fátækra fjölskyldna elst nú upp mikill fjöldi barna. Við viljum byggja þjóðfélag þar sem öll íslensk börn eiga sömu möguleika til mennta og tómsunda. Því er ekki að heilsa í dag.

Þetta er ekki það nýja Ísland sem við viljum sjá rísa úr efnahagshruninu. Vaxandi fátækt er smánarblettur sem þjóðin verður að má burt sem fyrst. Það á að vera forgangsmál að allir þegnar landsins geti lifað mannsæmandi lífi. Miðstjórn Alþýðusambandsins hvetur stjórnvöld til að grípa til markvissra aðgerða í baráttunni gegn fátækt á Íslandi.